# FRÉTTABRÉF

# FÁSES

EUROVISION
SONG CONTEST
COPENHAGEN 2014

#JoinUs

OGAE ICELAND
2014

# MEÐ HVERJUM HELDUR ÞÚ?

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON

PENNINN

Eymundsson
Bóksali frá 1872

540 2000 | EYMUNDSSON@EYMUNDSSON.IS | WWW.PENNINN.IS | WWW.EYMUNDSSON.IS

FÁSES
OGAE ICELAND

Kæru félagar,

í þriðja sinn siglir FÁSES nú inn í uppskeruhátíðina miklu, Eurovision-vikuna, og stendur félagið sterkara en nokkru sinni. Á þessum þremur árum hefur gríðarmargt gerst. Félögum fjölgar stöðugt og þegar þetta er skrifað hafa um 400 manns skráð sig í félagið frá upphafi og því hafa um 150 nýskráningar orðið á því starfsári sem nú er að ljúka. Íslendingar geta verið stoltir af þessum vinsældum því aå félagið okkar hefur nú stillt sér örugglega upp með stærstu Eurovision-aðdáendaklúbbunum í álfunni en af 40 OGAE-klúbbum eru aðeins fjórir til fimm klúbbar sem eru fjölmennari en sá íslenski. Þrátt fyrir það er markmiðið auðvitað ekki endilega að stækka heldur frekar að styrkja starfið stöðugt og að festa félagið ennþá betur í sessi.

Strax eftir þrjú ár má segja að FÁSES hafi tekist að skapa ákveðnar hefðir sem eru ekki bara skemmtilegar heldur mikilvægur grunnur fyrir félagið til að tryggja virkni þess um ókomna framtíð. Sem dæmi um þetta má nefna þátttöku okkar í Alla leið og forréttinda okkar þegar kemur að miðakaupum á Söngvakeppnina, hið sívinsæla barsvar, Melodifestival-áhorfskvöldið og síðast en ekki síst útgáfu fréttabréfsins sem þú hefur í höndunum.

Enn er samt ekkert svo fast í skorðum að ekki megi breyta og bæta við og þess vegna er það félaginu einnig mikilvægt að sem flestir taki virkan þátt, deili hugmyndum sínum og leggi jafnvel hönd á plóg. Hópurinn sem kemur að innra starfi félagsins hefur einnig styrkst og á þessu starfsári var til dæmis stofnuð sérstök heimasíðunefnd þar sem meðlimir utan stjórnar komu einnig að og skilaði sú vinna sér í glæsilegri heimasíðu okkar, Fases.is. Þá hafa meðlimir utan stjórnar einnig tekið þátt í skipulagningu á viðburðum eins og barsvarinu, Júró-stiklunum og þátttökunni í Gay Pride.

Þegar öllu er á botninn hvolft er það auðvitað þátttaka okkar meðlimanna sem öllu skiptir og gerir það hver með sínu nefi, hvort sem maður kýs að taka þátt í umræðum og kosningum á netinu, mæta á viðburði og skemmta sér, fara á Eurovision eða skipuleggja viðburði.



Það er hin eiginlega Eurovision-gleði! Haldið nú glöð inn í hápunkt vertíðarinnar og við sjáumst svo hress á næsta starfsári!

Eurovision-gleðikveðjur frá FÁSES!




# FÁSES Á FREMSTA BEKK

**Sannir Eurovision-aðdáendur hljóta allir að eiga þann draum heitastan að komast á Eurovision. Um 60 FÁSES-meðlimir létu drauminn rætast í Malmö í fyrra og í ár tekur annar hópur stökkið. Sumir í annað sinn!**

Það var heldur betur góð stemning í FÁSES-hópnum sem fór á Eurovision í Malmö í fyrra - annað árið sem meðlimum bauðst að kaupa sérstaka aðdáendamiða – og var fjölgunin í hópnum sexföld frá því í Aserbaídsjan! Og það var nóg um að vera. Þeir sem vildu gátu raunar farið á Eurovision flest kvöld því í OGAE-miðapökkunum voru ekki einungis miðar á báðar forkeppnirnar og aðalkeppnina heldur fylgdu einnig miðar á generalprufur kvöldin áður. Útsýnið var svo ekkert slor því einungis meðlimir OGAE-klúbbanna fengu að vera í stæði á gólfinu við sviðið. Aðdáendur voru því svo sannarlega í fremstu röð! Að keppnum og generalprufum loknum var svo alltaf nóg um að vera á sérstökum skemmtistöðum sem starfræktir voru á dögunum og vikunum fyrir keppni, nefnilega Eurofan Café og Euroclub. Sá fyrrnefndi var opinn öllum en sá síðarnefndi var opinn keppendum og fylgdarliði, blaðamönnum og svo þeim sem útveguðu sér sérstökum aðdáendapassa en kaupendur OGAE-pakkanna gátu sótt um þá. Á þessum stöðum var boðið upp á ýmis skemmtiatriði þar sem gamlar og nýjar Eurovision-stjörnur komu fram, meðal annars Linda Martin og Bobbysocks. Af öðrum skemmtunum má svo nefna Eurovision-pub-quiz og Eurovision-karaókí. Skemmtanasjúkir aðdáendur höfðu því sjaldan tíma til hvíldar.

FÁSES-meðlimir hittust svo bæði á förnum vegi og með skipulögðum hætti en eftirminnilegur hittingur var haldinn í Folkets Park sem var einskonar miðpunktur Eurovision-skemmtana þá vikuna. Fjöldi meðlima lét sjá sig og vinir og kunningjar af ýmsum þjóðernum slógust einnig í hópinn og úr varð sannkölluð alþjóðleg Eurovision-skemmtun!

***Íslensku aðdáendurnir*** *í Köben verða áberandi sem aldrei fyrr því auk þess að sveifla fánum þá hafa margir keypt sér Pollapönksgalla frá Henson í gegnum FÁSES en þeir eru að sjálfsögðu líka merktir FÁSES! Litagleði íslensku stuðnings-mannanna mun því klárlega skjóta öllum öðrum múnderingum ref fyrir rass!*




Egils
Kristall
Það sést hverjir drekka Kristal

# EUROVISION ALLT ÁRIÐ!

**Hjá FÁSES er alltaf tími fyrir Eurovision og hin svokallaða Eurovision-vertíð lengist stöðugt í báða enda - þökk sé áhuga og þátttöku meðlimanna. Eins og hér má sjá var ýmislegt í boði á þessu starfsári.**



Flosi í stjórninni hélt frábært Eurovision -zumba!



Á **Júró-stiklunum** horfðum við á framlög allra landa fyrir keppnina í ár og **Polla-pönk** kíkti við!



◄ **FÁSES** fagnaði margbreytileikanum með eigin vagni á **Gay Pride.**



◄ Við horfðum líka á **Melodifestivalen** saman enn á ný.



Hinni eini sanni **Reynir Þór** ► hélt vinsælt barsvar sitt á fyrir **FÁSES** á **Kringlukránni**.



FÁSES tók þátt í Alla leið á RÚV



**FÁSES** fékk forkaupsrétt á miðum á **Söngvakeppnina** og margir mættu einnig í fyrirpartýið á **Mímisbar**.



◄ Eins og Malmö-fararnir í fyrra þá munu Köben-farar hittast áður en út er haldið og munu að sjálfsögðu hittast í Köben líka!

## Söngvakeppni Sjónvarpsins 2014

Tíu lög kepptu í Söngvakeppninni í ár. Var þeim skipt á tvö undankvöld þar sem 5 lög kepptu í einu en flutningur laganna í undankeppninni var tekinn upp fyrirfram og án áhorfenda að þessu sinni. Lögin *Eftir eitt lag* (Greta Mjöll) og *Von* (Gissur Pétur) komust áfram í fyrri undankeppninni en *Þangað til ég dey* (F.U.N.K.) og *Enga fordóma* (Pollapönk) í þeirri seinni. Sérstök dómnefnd gat svo hleypt tveimur lögum í viðbót áfram og valdi hún lögin *Amor* (Ásdís María) og *Lífið kviknar á ný* (Sigga Eyrún). Enginn af flytjendum né höfundum þessara laga hefur keppt í Eurovision fyrir Íslands hönd. Úrslitin fóru fram í Háskólabíó þann 15. febúrar og var uppselt á keppnina sem og aðalæfingu hennar. Kosningunni var skipt í tvær umferðir og í þeirri fyrri giltu atkvæði dómnefndar til helminga á móti símakosningu. Í seinni umferðinni háðu svo tvö efstu lögin úr fyrri umferð einvígi þar sem hrein símakosning gilti. Það voru Pollapönk og Sigríður Eyrún sem mættust svo í einvíginu en þar bar þeim að flytja lögin á því tungumáli sem þau yrðu flutt í aðalkeppni Eurovision. Það voru svo Pollapönkararnir sem stóðu uppi sem sigurvegarar.




ENNEMM / NM62477

**siminn.is/thjonusta/sjonvarp**

Nú er hægt að finna vel valin íslensk Eurovision lög í karókístíl í Sjónvarpi Símans. Hitaðu upp fyrir úrslitin, stilltu sjónvarpið í botn og leyfðu partígestunum að syngja aðal- og bakraddir af innlifun.

**Enga fordóma – leyfðu leyndum hæfileikum að blómstra!**

Hringdu í **8007000** og fáðu þér Sjónvarp Símans! Nína! Ehm, við meinum: Núna!

## One Night's Anger

So say say say say you'll be
there when the words are
done
Don't give in your pride,
Keep calm and think twice

Free your mind from the
doubts that are tickling
Free your heart, and let the
peace enlighten your feelings
Sun will rise, and the light will
be clearing
The tides of the night
keep calm and think twice

Say no, let go, night will fade
and the day will glow
I know, you know, that the
morning is brighter so
Please say say say say you'll
be there when the words are
done
Don't give in your pride
Let go and don't cry

Free your mind from the
doubts that are tickling
Free your heart, and let the
peace enlighten your feelings
Sun will rise, and the light will
be clearing
The tides of the night
Keep calm and think twice

Wait a tick tiny tick, you'll
forget it (just wanna make it
right)
Wait a tick tiny tick, you'll
regret it (I want to let it out)
Anything isn't it you want to
get it,
Maybe tomorrow, will be late
to get by



# Albanía

**Titill: One Night's Anger**
**Flytjandi: Hersi**
**Lag/texti: Gentian Lako/Jorgo Papingj**

Söngvakeppni þeirra Albana, Festivali i Këngës, er allt að því jafngömul og Eurovision, eða 52ja ára. Söngkonan sem þar var valin nú síðast, Hersiana Matmuja, er hins vegar ekki fædd fyrr en árið 1990. Þótt ung sé hefur hún þó tekið þátt í albönsku söngvakeppninni alls fimm sinnum og meðal annars einu sinni hafnað í síðasta sæti með núll stig. Bakgrunnur hennar liggur í klassískri tónlist en þrátt fyrir það segist hún undir mestum áhrifum frá öllu nútímalegri listamönnum, svo sem Björk og Lady Gaga, en hún hefur einnig miklar mætur á Eurovision-sigurvegurunum Celine Dion og Abba. Albanir hafa einungis tvisvar náð hærra en í 16. sæti í keppninni í tíu ára keppnissögu sinni. Það var fyrsta árið þeirra, 2004 (The image of you – 7. sæti) og 2012 (Suus – 5. sæti).

*-Albanía er með Emmelie De Forest efterhermu í ár. (Ísak)*

*-Verður spennandi að sjá þetta live því myndbandið er vægast sagt hörmulegt. Unglingur með iPhone hefði getað gert betra myndband. En lagið er fallegt og Albanir eru oftast helvíti góðir á sviðinu. Koma mér oftast skemmtilega á óvart. Svo ég hef trú á þessu. (Casper Wallström)*

## Not Alone

You're all alone, you're all alone

No shoulder wants you to lean on,
You thought this world was too cold
And you've made up
A whole new world

Don't cry, don't cry little bird
Though you are scared and you're hurt
You're gonna wake up
It's only a dream
And why do dreams make people scream

You're not alone…

What if it's all in one kiss
That turns all seeds into trees
The strongest wind into breeze
Enter all doors without keys

What if it's all in one kiss
That turns all seeds into trees
The strongest wind into breeze
What if it's all in one kiss

You're not alone…



# Armenía

**Titill: Not Alone**
**Flytjandi: Aram MP3**
**Lag/texti: Aram MP3/Garik Papoya**

Armenar senda í ár læknamenntaðan söngvara og skemmtikraft, Aram Sargsyan en hann hefur listamannanafnið Aram MP3. Aram er höfundur lagsins en textann samdi besti vinur Arams, Garik Papoyan. Útsetningar eru í höndum Lilit Navasardyan. Á gamlárskvöld tilkynni armenska ríkissjónvarpið ARMTV/AMPTV að Aram yrði flytjandi armenska framlagsins og að hans sögn fjallar lagið um það að gefast ekki upp á ástinni. Aram er vinsæll sjónvarpsmaður, uppistandari og söngvari í heimalandinu og einna þekktastur fyrir grínútgáfur sínar af þekktum slögurum og alþjóðlegum smellum. Hann er ötull að halda tónleika í Yerevan og hefur verið valinn til að stjórna sjónvarpsþáttum á borð við X-factor og Armenian Idol. Aram fetar í fótspor The Dorians, rokkhljómsveitarinnar sem steig á stokk í Malmö og hafnaði í 18. sæti.

*-So like every year, the annoying brokers have already decided that this song will win the contest. I must say that I do like the way it starts but after listening to it, you definitely have the feeling of an unfinished work. Where is eventually the powerful chorus which you expect to hear? I hope they are going to lose a fat amount of money on it and let us be surprised.*
*(Bastien Venturi)*

*-Honestly, I don't understand why this is a favorite to win…*
*Perhaps because I always fall asleep half way through the song?*
*(Dekel Ben Avi)*

## Start A Fire

Someone's selling garden roses down the square
People gathering by to breathe the morning air
But no one sees the bitter cold and shivering empty hands

A school girl running by and trying to beat the bell
People dropping, tossing coins in wishing wells
But no one cares for dreams that don't fit into our world

Maybe nightfall darkens skies
And maybe teardrops stain our eyes
But may the slightest light start a fire

A soldier in the hands of a forgotten mess
Digging out the burning bullets in his chest
So eager, bold and noble – printing footsteps on this earth

Maybe nightfall darkens skies
Maybe teardrops stain our eyes
But may the slightest light start a fire

Start a fire

But may the slightest light start a fire






**Titill: Start A Fire**
**Flytjandi: Dilara Kazimova**
**Lag/texti: Stefan Orn, Johan Kronlund, Alessandra Gunhardt**

Í asersku lokakeppninni eru söngvarar valdir eftir kúnstarinnar reglum til að flytja framlag Aserbaídsjan og Dilara varð hlutskörpust í ár. Hún flytur lagið Start a fire sem valið var áður af sérstakri dómnefnd. Lag og texti eru samin af þekktum Eurovision-kempum Stefani Örn, Johani Kronlund and Alessöndru Günthardt. Dilara er ekki alveg ókunn asersku forkeppninni því að hún hefur tvisvar tekið þátt; fyrst árið 2008 sem hluti af sveitinni Unformal og síðan árið 2010 í dúettnum Milk&Kisses. Það var ekki fyrr en nú sem hún stóð uppi með pálmann í höndunum. Hún er vinsæl söngkona í heimalandinu og þykir fjölhæf vegna klassísks tónlistarbakgrunns. Hún hefur einnig verið fulltrúi Asera í tónlistarkeppnum víða um heim sem kemur í góðar þarfir þegar kemur að Eurovision-sviðinu þar sem hún þarf að reyna að toppa 2. sæti Farids Mammadovs frá því í fyrra.

*-Dilara er þrusugóð söngkona! Fallegt lag sem á pottþétt eftir að ná langt í kepninni.*
*(Hildur Halldórsdóttir)*

*-Þetta er að mínu mati fallegasta lagið sem Aserbaídsjan hefur sent og lagið mun örugglega ná langt. Finnst samt eins og fæstir séu að fatta lagið, því miður.*
*(Haukur Johnson)*

# Rise Like a Phoenix

Waking in the rubble
Walking over glass
Neighbours say we're trouble
Well their time has passed
Peering from the mirror
No, that is me
A stranger getting nearer
Who can this person be?

You wouldn't know me at all
Today
From the fading light I'll fly

Rise like a phoenix
Out of the ashes
Seeking rather than vengeance
Retribution
You were warned
Once I'm transformed
Once I'm reborn
You know I will rise like a phoenix
But you're my flame

Go about your business
Act as if you're free
No one could have witnessed
What you did to me

Cause you wouldn't know me today
And you have got to see
To believe
From the fading light I fly

Rise like a phoenix...

I rise up to the sky
You threw me down but
I'm gonna fly

And rise like a phoenix
Out of the ashes
Seeking rather than vengeance
Retribution
You were warned
Once I'm transformed
Once I'm reborn
You know I will rise like a phoenix
But you're my flame




**Titill: Rise Like a Phoenix**
**Flytjandi: Conchita Wurst**
**Lag/texti: Charley Mason, Joey Patulka, Ali Zuckowski, Julian Maas**

Tom Neuwirth er fæddur 1988 í bænum Gmunden. Hann kom fyrst fram á sjónarsviðið í hæfileikaþættinum Starmina árið 2006. Árið 2007 byrjaði hann í strákasveitinni "Jetzt anders!" sem entist ekki árið. Boltinn tók hins vegar að rúlla þegar hann kom í fyrsta sinn fram sem skeggjaða konan Conchita Wurst árið 2011 í hæfileikaþættinum "Die große Chance". Síðan þá hefur Conchita verið tákn frjálsrar listrænnar tjáningar í Austurríki. Conchita hefur verið tíður gestur á skjám Austurríkismanna eftir þetta og tók meðal þátt í sjónvarpsþáttunum "The hardest jobs of Austria" þar sem hún vann í fiski og í þættinum "Wild Girls", þar sem hópur fólks átti að lifa af í eyðimörkinni í Namibíu. Þetta er ekki frumraun Conchitu í Eurovision því að hún tapaði naumlega fyrir Trackshittaz árið 2012 í undankeppninni heima fyrir.

*-Sjarmatröll!*
*(Berta)*

*-Það er mjög góður James Bond fílingur í þessu og þetta er eiginlega kraftmesta ballaðan í ár. Ég býst algjörlega við að þetta komist í topp tíu.*
*(Casper Wallström)*

## Mother

I'm coming home,
I'm broken hearted and I need,
Time to shelter,
I need your love,
A hand to hold, a heart to heal, a voice to help me through, through…

And when hope is low,
You find the words to make me feel, so much better,
When I've had enough, oh I've had enough,
Of all the tears and all the hurt I can count on you, only you…

And once again mother,
You are right there mother,
You are my guiding light,
My shoulder, my shelter, my satellite,
I'm weak, you're bright.

It's not said enough,
But you mean the world to me
you're more, than a soulmate,
And you should know, oh you should know,
I'm so thankful and so hopeful that some day soon, i'll shine like you…

And once again mother,
You are right there mother,
You are my guiding light,
My shoulder, my shelter, my satellite,
I'm weak, you're bright,
Give me your strength, oh mother,
Give me your care mother,
You are my guiding light,
My shoulder, my shelter, my satellite,
I'm weak, you're bright,
And once again mother, / You're all I have mother,
And once again mother, / You're all I have mother,
Oh mother...





# Belgía

**Titill: Mother**
**Flytjandi: Axel Hirsoux**
**Lag/texti: Rafael Artesero, Ashley Hicklin**

Hinn frönskumælandi Alex kom út tárunum hjá áhorfendum með söngnum um mömmu í lokakeppni belgísku Eurosong-keppninnar í Antwerpen 16. mars. Þetta er í fyrsta sinn síðan 2008 sem belgíska ríkissjónvarpið VRT nýtir sér þennan möguleika við val á flytjanda og framlagi. Lagið er eftir Rafael Artesero og Ashley Hicklin. Sex lög kepptust um að verða framlag Belga í ár og varð Mother hlutskarpast eftir að hafa komist áfram úr þriðju undankeppninni. Belgar fetuðu í fótspor Svía og lögðu metnað í að hafa erlendar dómnefndir á lokakvöldinu, þ.á m. frá Aserbaídsjan, Danmörku, Írlandi, Hollandi, Spáni og Hvíta-Rússlandi. Hin úkraínska Ruslana var meðal dómara í sérstökum dómarapanel sem var ráðgefandi í kosningunni. Sigur Alex var sætur, hann var uppáhald alþjóðlegu dómnefndanna og hlaut 57% atkvæða í símakosningunni.

*-Það er klárt mál að Axel er magnaður söngvari, en lagið finnst mér ekki spennandi. Hvað er að gerast á sviðinu annars? Jú ekkert!*
*(Davíð Lúther Sigurðsson)*

*-Það er kannski ljótt að segja það en mér finnst eitthvað pínu ógnvekjandi við þetta.*
*(Haukur Johnson)*

## Children of the Universe



Power to the people (x2)

I've been tired of this thinking
so I've drowned it out with drinking
Tastes like a bitter pill but I'll just wash it down
With the taste of something sweet that some doctor gave me now
And this is a madness
I'm not giving in

We're shining like diamonds
With fire in our bones
Standing beside you I've a feeling that I'll never walk alone

We're children of the universe,
don't you know
Dancing on the edge of time
and it's ours to own
Just children of the universe

Power to the people (x3)

You know what we want and
we've gotta get it now

Something's stirring in the silence
And it reeks of passive violence
Hold on tight this opportunity we'll take,
put an end to all this suffering before it gets too late
Hopes on the horizon
I'm not giving in

We're children of the universe
don't you know
Dancing on the edge of time
and it's ours to own
Just children of the universe

We're shining like diamonds
With love in our hearts
They said it's the end but I've a feeling
It might just be the start
As I am awakened with fire in my bones
Standing beside you I've a feeling that I'll never walk alone

(Viðlag)

Power to the people



# Bretland

**Titill: Children of the Universe**
**Flytjandi: Molly Smitten-Downes**
**Lag/texti: Molly Smitten-Downes, Anders Hansson**

Eins og oft áður þá ríkti mikil leynd yfir því hver yrði valinn til keppni fyrir Bretlands hönd en BBC valdi keppandan enn á ný með lokuðu innanhúsvali. Klókir aðilar komust þó á sporið þegar þeir tóku eftir því að skyndilega fóru breskir Eurovision-aðdáendur að fylgja einhverri Molly á Twitter en þá hafði aðdáendunum verið boðið að vera viðstaddir upptöku á flutningi hennar. Söngkonan er fremur óþekkt en BBC uppgötvaði hana í sjónvarpsþættinum BBC Introducing þar sem upprennandi tónlistarmenn fá tækifæri til að koma fram. Hin 27 ára Molly tekur því þátt á töluvert ólíkum forsendum en þrír síðustu forverar hennar (Bonnie Tyler, Engelbert Humperdinck og Blue) sem allir áttu blómlegan tónlistarferil að baki. Hún er þeim mun þakklátari og hógværari og lítur á það sem mikinn heiður að fá að vera fulltrúi lands síns og tekur hlutverk sitt alvarlega.

*-This song goes unnoticed apart from the disturbing fact that the singer looks very much alike Emilie De Forest (winner from last year's Eurovision).*
*(Bastien Venturi)*

*-Finnst bara ekkert varið í þetta lag. Bretar eiga ekki eftir að enda ofarlega í keppninni í ár.*
*(Hildur Halldórsdóttir)*

# Danmörk



**Titill: Cliche Love Song**
**Flytjandi: Basim**
**Lag/texti: Lasse Lindorff, Kim Novak-Zorde, Daniel Fält**

Það fylgir því óneitanlega ákveðin pressa að vera fulltrúi síðasta vinningslands í Eurovision þótt ýmsir vilji einnig meina að í því felist ákveðið forskot þegar kemur að atkvæðagreiðslunni. Sé tölfræð síðustu tíu ára skoðuð þá má reyndar sjá að þau lönd sem halda keppnina hverju sinni hafa að meðaltali lent í 11. sæti það árið. Sé hins vegar einungis litið til Norðurlandanna þá er erfitt að sjá að þau hafi haft nokkuð forskot í þessum aðstæðum því Svíar lentu í 14. sæti þegar þeir héldu keppnina í fyrra, Norðmenn í því 20. og Finnland í því 17. Basim verður því að treysta á eigin sjarma og sviðsframkomu en hann er ekki svo óvanur því hann á að baki tvær sólóplötur þrátt fyrir að vera aðeins 21 árs gamall. Cliché love song má segja að sé eiginlega nákvæmlega eins og það hljómar en lagið naut ágætrar velgengni í Danmörku eftir forkeppnina þar í landi og náði 2. sæti á topplistanum.

*-We can never have enough of Bruno Mars!*
*(Dekel Ben Avi)*

*-Ég bara get ekki þetta lag. Jú, það er gott að Danir séu svona jolly öllum stundum en mig langar frekar að vera þunglyndur ef maður lætur svona þegar maður er ligeglad! Þetta er þó hvergi jafnpirrandi og lagið All night long sem þeir sendu 2008.*
*(Haukur Johnson)*

## Cliche Love Song

I met this lady - Lady
she was looking so dawn fine
But she was crazy - Crazy
it was all about party time

And lately - Lately
I felt like somethings wrong
So Flaky, and Shaky
When the sun went down

Yeah, boom boom boom
when she walked the room
Even girls they whistle - (whistle)
I know, it's hard to get her
She's a special girl

It feels like
skuba duba dabda dididaj
skuba duba dabda dididaj
I love you
A another cliche baby
skuba duba dabda dididaj
skuba duba dabda dididaj
Baby I'ma do whatever you like
I love you
A another Cliche baby

Oh Oh Oh - Hey! (x3)
Another Cliche baby

Like Katy Perry - So Sexy
She could kiss a lucky girl
Taste like cherry - Cherry
Yeah, she could rock your world

Cloud Seven - Seven
I never felt like this before
She took me closer, to heaven
OMG, let's go

Yeah, boom boom boom
when she walked the room
Even girls they whistle - (whistle)
I know, we could be together
You're a special girl

(Viðlag)

Now tell me what I gotta do
Just give that little clue
Another Cliché baby
Now I'm just feeling blue
I gotta break through - To You
YEAH!!!

## Amazing

Remember how we used to be
Floating the skies, it fell so heavenly
We were weightless
We froze to ice and melted down
We chased the stars and fell to the ground
Couldn't care less

This feeling inside
You're all that I have, I need you back
Do you hear me screaming?

Stay amazing lie (do you hear me screaming?)
I don't, don't want another to make me high
I want, want you to be amazing lie
Stay amazing lie

You know there's nothing I wouldn't do
I'd brake the curse of time to be with you
I'd be fearless
I'd jump as far as I can see
And beat the perfect storm in the endless sea

This feeling inside
You're all that I have, I need you back
Do you hear me screaming?

Stay amazing lie (do you hear me screaming?)
I don't, don't want another to make me high
I want, want you to be amazing lie
Stay amazing lie

(Viðlag endurtekið)



# Eistland

**Titill: Amazing**
**Flytjandi: Tanja**
**Lag/texti: Timo Vendt, Tanja/Tanja**

Eistar ætla sér að vera stórfenglegir á sviðinu í Köben með Tatjönu Mihhailovu en hún er höfundur lags og texta ásamt Timo Vendt. Þetta er í annað skiptið sem Tanja tekur þátt í eistnesku undankeppninni Eesti Laul en 2002 var hún annar helmingur Nightlight dúettsins með lagið Another country song. Lagið í ár er þó fjarri því að vera neitt rólegheitakóntrí og hún verður með þrjár bakraddir og einn dansara með sér sem hjálpa henni að halda uppi fjörinu. Tanja er jafnvíg á dans og söng og tryllir eistneskan lýð á tónleikum og í söngleikjum og allar eistneskar stúlkur vilja að sögn líkjast henni!

*-Wannabe Loreen!*
*(Flosi Jón Ófeigsson)*

*-We can never have enough of Euphoria!*
*(Dekel Ben Avi)*



# Finnland

**Titill: Something Better**
**Flytjandi: Softengine**
**Lag/texti: Topi Latukka/Henri Oskár, Topi Latukka**

Síðustu þrjú ár hafa Finnar sent framlög upprunnin frá hinum sænskumælandi minnihluta í landinu, sem telur einungis rúm 5%, en í ár er verður breyting þar á þegar hljómsveitin Softengine með sætabrauðsdrenginn Topi Latukka í fararbroddi tekur við keflinu. Það er einmitt Topi sjálfur sem hefur samið lagið en það er nokkuð hefðbundið en grípandi og kraftmikið útvarpspopp-rokk. Softengine sigurðu örugglega í keppninni heima í Finnlandi og lentu í fyrsta sæti bæði hjá áhorfendum og dómnefnd. Þrátt fyrir að Finnar hafi sigrað keppnina árið 2006 þá hefur gengi þeirra verið heldur slæmt þegar á heildina er litið en þegar þeir sigruðu var það eina skiptið sem þeir náðu hærra en í 15. sæti allt frá árinu 1989. Þá er besti árangur þeirra síðustu fimm árin einungis 21. sætið. Geri Softengine betur!

*-Þetta er flott hjá vinum okkur frá Finnlandi, lagið er frekar lengi að byrja en loksins þá kemur þessu magnaði FM smellur. Í spilun með þetta!*
*(Davíð Lúther Sigurðsson)*

*-Sounds a bit like Britpop. Not bad at all, but I fear it will drown among the other entries and be forgotten when it's time to vote.*
*(Sissel Irene Kristoffersen)*

## Something Better

Even human bound, people rolling dice.
Image on the ground, such a novel life, he thought,
while knowing nothing at all.
Every option noted or tendency made,
they will carry on until the perfect date, she said,
while knowing nothing at all.

All the rules well known, they mean nothing to me.
Everything I'm used to seems to be fine misshapen made up fantasy,
should let go, should let go!

(Viðlag)

Vis-à-vis estranged and we got close.
Trust full of lies, sure how it goes, they told,
while knowing nothing at all.
Talking loud 'bout future in our hands.
Exchanging dreams and how they'll last, no no,
still knowing nothing at all.

But we found something better.
plain answer however,
for I'll not surrender.
We found something better.

All these words reflected back to me.
All these words, I'm buying, why?
All these words, the lives grand mystery.
All these words a sweet white lie!
All these words she meant to say to me.
All these words against my faith.
All these words, before she passed away.
All these words, will never never never change.

We found something better.
plain answer however,
for I'll not surrender.
We found something better.
We found! (x8)!



# Frakkland

**Titill: Moustache**

**Flytjandi: Twin Twin**

**Lag/texti: Pierre Beyers, Kim N'Guyen/ Lorent Ardouvin, Francois Ardouivin**

Í fyrsta sinn síðan árið 2007 ákváðu Frakkar að leyfa þjóðinni að taka þátt í valinu á fulltrúa sínum í Eurovision. Fyrirkomulagið var þó nokkuð sérstakt að því leyti að almenningi var einnig boðið um að keppa um eitt sæti í sérstakri valnefnd sem valdi þrjú lög til að keppa fyrir allri þjóðinni. Twin Twin stóðu uppi sem sigurvegarar eftir þetta ferli en ekki voru allir á eitt sáttir. Töldu sumir að lagið væri, líkt og franskar kartöflur, stolið frá Belgíu en líkindi með því og laginu Papaoutai með belgíska tónlistarmanninum Stromae þykja töluverð. Frakkar eru sem kunnugt er alltaf með í lokakeppninni sökum veru sinnar í hópi hinna svokölluðu Big Five ríkja en þrátt fyrir það hefur gengi þeirra ekki verið sem best. Þannig hafa þeir einungis einu sinni komist í topp tíu á síðastliðnum áratug og átta sinnum verið í 15. sæti eða neðar á sama tímabili.

*-This year's joke, but a pretty good one!*
*(Dekel Ben Avi)*

*-Very entertaining song. I hope the viewers will enjoy it as much as I do.*
*(Bastien Venturi)*

## Moustache

Quelque chose me manque mais
quoi ?
Je veux ci, je veux ça
Quand j'dors j'fais des rêves en
dollars
Tous les jours j'ai un nouveau costard
Chez moi tout est neuf tout est beau
Le monde pleure derrière mes rideaux
J'm'en fous j'habite au dernier étage
J'connais même pas ma femme de
ménage

Il y a du cuir dans ma voiture
L'odeur de mon parfum me rassure
Je n'aime pas montrer mes émotions
A la salle de musculation
Je soulève quelques poids et haltères
Mon corps est une machine de guerre
J'ai tout ce qu'on rêverait d'avoir
J'ai peut-être tout c'est vrai

Mais moi j'voulais une moustache
Une moustache, une moustache
I wanna have a moustache
a moustache, a moustache
quiero un bigote

Je veux ci, je veux ça,
Il y en a jamais assez pour moi
C'est comme ci, c'est comme ça,
Il y a toujours un truc que j'ai pas
Je veux ci, je veux ça,
Il y en a jamais assez pour moi
C'est comme ci, c'est comme ça,
Il y a toujours un truc que j'ai pas
Je veux ci, je veux ça
C'est comme ci, c'est comme ça
Je veux ci, je veux ça
C'est comme ci, c'est comme ça
Il y a toujours un truc que j'ai pas

Alors j'en rajoute encore
Des tonnes de choses derrière mes
placards
J'ai des amis quand même
Et même des amis qui m'aiment
J'me dis j'ai tout pour plaire, j'ai tout pour
J'ai le monde à mes pieds c'est fou
J'ai tout ce qu'on rêverait d'avoir
J'ai peut-être tout c'est vrai

(Viðlag)

J'donnerais tout ce que j'ai
Contre une moustache
Maintenant je sais, c'que j'veux c'est
Une moustache
J'pourrais tout laisser, tout donner
pour une moustache
J'ai peut-être tout c'est vrai
Mais pas c'que j'voulais

(Viðlag)

Mais moi j'voulais une moustache

## Three Minutes to Earth

Home, home, through the
star trail of a lonely star,
home to the Earth where we
belong, belong to …
Dazzling light of mankind's
emotion

Show us the stairway to come
back to Earth – sky diver's
space jump!
Lead those three minutes
longin' for love,
Peace and light everywhere

Pick up all the rainbow buds
from the sky,
All the tries, all the whys,
Three minutes to Earth for
you and for me.

Show us the stairway to come
back to Earth – sky diver's
space jump!
Lead those three minutes
longin' for love,
Peace and light everywhere …

Show us the stairway to come
back to Earth – sky diver's
space jump!
Dress up the stairway to Earth
with no sigh -rock the boat of
ragged despair!

Pick up all the rainbow buds
from the sky,
hear the chime – now's the
time
Three minutes time to Earth
for you and me
take our breath away as we fly

Anytime. Anywhere. We are
going SHIN.




**Titill: Three Minutes to Earth**
**Flytjandi: The Shin and Mariko**
**Lag/texti: Zaza Miminoshvili/Eugen Eliu**

Það er nær ógerandi að greina hvaða tónlistarstefnu framlag Georgíu tilheyrir í ár en í lýsingu á sveitinni er henni lýst sem blöndu af georgískri þjóðlagatónlist og þjóðsöng með djass- og flamencoáhrifum auk áhrifa frá vestrænni popptónlist. Í öllu falli er hægt að fullyrða að lagið sé mjög sérstakt en einnig gleðilegt. Hljómsveitin kallar sig The Shin en orðið Shin þýðir "heimkoma" á georgísku en texti lagsins virðist einmitt fjalla um eitthvað svipað en þar er meðal annars sungið um heimkomu til jarðar utan úr geimi. Söngkonan Mariko gengur hér í lið með The Shin en rödd hennar minnir um margt á Shakiru. The Shin og Mariko voru valin til þátttöku í Eurovision af ríkissjónvarpi Georgíu án aðkomu almennings. Þetta er í 7. sinn sem Georgía keppir í Eurovision en besti árangur þeirra til þessa er níunda sætið sem landið náði bæði árið 2010 og 2011. Þau hafa þó alltaf komist í úrslit nema árið 2012.

*-Þetta er svo vont að það sker í eyrun!*
*(Laufey Helga Guðmundsdóttir)*

*-Ég hlýt að vera svona geðveikur en mér finnst þetta skemmtilegt. Fáir sammála mér. En Georgíubúar og ég erum þá sammála um það að það sé skárra að vera klikkaður en boring!*
*(Haukur Johnson)*

## Rise Up

I feel like rising up
to the sky like I am a dove,
I'm in love with this feeling…
am I down or am I up?
I can't frown cause I am in luck,
I've got the crowd and that's
enough…
I'm in love.

Come on and rise up rise up to
the sky,
Come on and rise up get up and
lose your mind,
Loosen up your feet and fly,
Get off the ground tonight.

Come on and rise up jump out of
what keeps you down,
get high and rise up fly get your
feet of the ground,
come on and rise up rise up rise
up rise up rise rise rise…

I told her rise up, come along and
rise up,
music makes me wanna, grab
somebody rise up.

(Viðlag endurtekið)

I told her rise up, come along and
rise up
music makes me wanna, grab
somebody rise up.
I told her rise up, come along and
rise up,
music makes me wanna, grab
somebody rise up.

Yo, I am down to rise up, pour
these shots like "why stop"?
I see you shaking, I'm a have to
smack that my god!
I m blowing paper, balling call me
later, balling call me later, balling
call me mason.
Ey, our flow is oh so freaky, I roll
with it oh so cheeky, oh please
girl no don't tease me, just got
here I'm not leaving.

(Viðlag)





# Grikkland

**Titill: Rise Up**

**Flytjandi: Freaky Fortune feat. RiskyKidd**

**Lag/texti: Freaky Fortune og RiskyKidd**

Dúóið Freaky Fortune keppa ásamt rapparanum Riskykidd fyrir hönd Grikklands í ár. Félagarnir í Freaky Fortune komust fyrst á kortið þegar þeir sigruðu í ábreiðulagakeppni hinni bandarísku stöjrnuslúðursíðu Perez Hilton. Þar fluttu þeir sína útgáfu af Part of Me með Katy Perry en í kjölfar sigursins gáfu þeir út þrjú lög sem öll nutu mikilla vinsælda í heimalandinu. Rapparinn Riskykidd er upprunalega frá Englandi en flutti til Grikklands ásamt þýskri móður sinni og jamaískum föður sínum síðar á lífsleiðinni þar sem hann hefur getið sér góðs orðs. Hefur hann meðal annars gefið út lag með Eurovision-stjörnunni Helenu Paparizou. Annað árið í röð var það einkarekin sjónvarpsstöð en ekki ríkissjónvarpið sem tók að sér að halda söngvakeppni til að velja framlag Grikkja en alls fjögur lög tóku þátt í keppninni. Grikkir hafa alls níu sinnum náð inn á topp 10 á síðastliðnum áratug.

*-Mér leið bara eins og ég væri mættur á ball með Haffa Haff, hann ætti að senda þeim reikning. (Davíð Lúther Sigurðsson)*

*-Greece has a habit of sending popular songs, this year is no exception. Personally I think it's a bit dated, but will still dance and sing along…! (Sissel Irene Kristoffersen)*

## The Calm After The Storm

Driving in the fast lane
counting mile marker signs
The empty seat beside me
keeps you on my mind

Livin' in the heartache
was never something I
pursued
I can't keep on chasing
what I can't be for you

Ooh skies are black and blue
I'm thinking about you
Here in the calm after the
storm

tears on the highway
water in my eyes
This rain ain't gonna change
us
what's the use to cry

I could say im sorry
but I don't wanna lie
I just wanna know if staying
is better than goodbye

Ooh skies are black and blue
I'm thinking about you
Here in the calm after the
storm

Ooh after all that we've been
through
(baby) there ain't nothing new
Here in the calm after the
storm

Maybe I can find you
down this broken line
Maybe you can find me
guess we'll know in time

(Viðlag)






**Titill: The Calm After The Storm**
**Flytjandi: The Common Linnets**
**Lag/texti: Ilse DeLange, JB Meijers, Rob Crosby, Matthew Crosby, Jake Etheridge**

Hljómsveitin The Common Linnets var sett saman sérstaklega með það í huga að keppa í Eurovision auk þess til að koma fram á einum stórtónleikum í heimalandinu. Lagið sem þau flytja er ekta bandarískt kantrí enda starfa nokkrir að höfundum í tónlistarbransanum í Nashville sem er mekka kantrítónlistarinnar. Lagið hefur notið töluverðra vinsælda í Hollandi og náði það meðal ananrs í fyrsta sæti iTune-listans þar en það varð einnig annað mest selda lagið á iTunes í Eistlandi á tímabili. Hollendingar gætu því hafað öðlast bjartsýni á ný, ekki síður vegna þess að Anouk kom þeim í 9. sæti í úrslitunum fyrir ári en það var í fyrsta sinn í níu ár sem Holland komst í úrslit.

*-After the song " Bird" from last year which I fell under the charm of, I am a bit disappointed with the pick of Holland this year. Like its name, the song is very "calm" far too "clam" for my liking. Even a bit boring to listen to. (Bastien Venturi)*

*-Eitt af mínum uppáhaldslögum í keppninni í ár!  Ég vona að þetta lag eigi eftir að gera góða í hluti – hlakka til að sjá þau á sviðinu. (Hildur Halldórsdóttir)*





# Hvíta-Rússland

**Cheescake**

Yeah, baby

Once I gave you
one more chance
You showed me dance
But I'm not Patrick Swayzee
You're not Jennifer Gray
I told this story
But I'm so sorry,I lost my train
of thought when you called
me, "My sweet Cheesecake"

I don't wanna be your toy
perhaps today
I'm not gonna be your
boyfriend
It's too late
I look over all the maps
trying to escape
'cause I'm tired of your sweet
cheesecake

(Viðlag endurtekið)

Hey. I will fy far away
By any plane
just not to meet you
On my way, don't stay, (hay )
You dial my number
Your dreams start crumbling
You want me to be the man I'll
never ever be

(Viðlag x2)

I don't want to be your toy
I don't wanna be your boy
I don't wanna,
I don't wanna be your toy
I don't wanna
I don't wanna be your boy,
baby.

(Viðlag x4)

**Titill: Cheescake**
**Flytjandi: TEO**
**Lag/texti: TEO/Dmitry Novik**

Þau undur og stórmerki eiga sér stað í ár að Hvítrússar hafa ákveðið að halda sig við það lag sem bar sigur úr býtum í söngvakeppninni þeirra sem er nýbreytni ef litið er til síðustu fjögurra ára. Flytjandi lagsins, TEO, hefur þó breytt nafninu því árið 2009 keppti hann í hvítrússensku undankeppninni undir nafninu Yuriy Vaschuk, sem ku vera hans rétta nafn. Í laginu Cheescake fer hann um víðan völl og til að ná áttum þarf hann meira að segja á Google Maps að halda samkvæmt upprunalegu útgáfunni. En eins og Valentina Monetta veit þá má ekki syngja um þekkt vörumerki í Eurovision og því var sú setning tekin út. Stíll og framkoma TEO minnir um margt á tónlistarmanninn Robin Thicke. Hvort hann sjokkerar jafnmikið og sá síðarnefndi fáum við að á sjá síðar.

*-Svo léleg eftirherma af Blurred Lines með Robin Thicke að því mætti einna helst líkja við skemmtiatriði á þorrablóti í afdölum þar sem allir eru rænulausir. Hvort það er staðreyndin með hvítrússneska flytjandann er ekki gott að segja - er þetta kannski bara einræðisherrann að grína? (Eyrún Ellý Valsdóttir)*



# Írland

**Titill: Heartbeat**
**Flytjandi: Can-Linn (feat. Kasey Smith)**
**Lag/texti: Kaneswaran, Gladnikoff, Palmgren, Helander/Gladnikoff, Palmgren, Helander**

Fulltrúar Írlands í ár eru hljómsveitin Can-Linn ásamt söngkonunni Kasey Smith sem annars tilheyrir ekki bandinu. Kasey hefur áður tilheyrt stúlknasveitinni Wonderland sem var samsett af umboðsmanni Boyzone, Westlife og Johnny Logans. Kasey hefur þó ekki átt sumu lukku og fagna og hinir skjólstæðingarnir. Þetta er í annað sinn sem hún sækist eftir því að vera fulltrúi Írlands í Eurovision en í fyrra lenti hún í 3. sæti þar í landi með lagið Kiss Me. Í ár syngur hún lagið Heartbeat sem meðal annarra er samið af Svíanum Jonas Gladnikoff en hann var einmitt einn af höfundum lagsins Meðal andanna sem Birgitta Haukdal söng í Söngvakeppni Sjónvarpsins 2013. Söguna af risi og falli Írlands í Eurovision þekkja flestir en ef lagið Heartbeat kemst í úrslitin í ár þá liggur leiðin líklega bara upp á við þar sem Írar höfnuðu í síðasta sæti keppninnar í fyrra.

*-Very nice Irish tune and a fun song to listen to. Me like.*
*(Dekel Ben Avi)*

*-Among my Top 5. Love the Irish sound. In love with the melody. Go Ireland and bring the ESC 2014 back home!*
*(Bastien Venturi)*

## Heartbeat

White lightening
upon us again
The wall is now paper thin
And soon the sun's
breaking in
Don't you know, know…

How the world is
not always true
Still my truth will
remain in you
We'll be braver and
start anew
I know, know…

Oooh…
When the ocean's way too
deep

Keep your head high
above the water
We can make it and
break the border
Hold on to my heartbeat
My heartbeat, my heartbeat
Face the danger and
face torrow
You're a dreamer and
you don't know
That no story is
carved in stone
Just hold on to
my heartbeat
My heartbeat

The ground may be caving in
And some wounds they may
never mend
But we'll rise up and try again
I know, know…

Oooh…
When the shore gets hard to
see

(Viðlag x2)

## No Prejudice

Lala lalalala lala lalalala lala
lalalala lala la

Life is way too short
for short-sightedness
and tell me who has got the time
for narrow-mindedness
Listen to what I say
cause every-buh buh buh buh
buh buh body looks the same on
the inside
And it puh puh puh puh puh puh
puh puh  pays:
to wear a smile

Let's do away with prejudice
don't discriminate,
tolerance is bliss
we got to get together on this
cross this problem off our list
I may stutter when I speak
(but) you don't need to
call me freak
it's not trigonometry
inside we're the same

Even if you're taller
Or someone who is smaller
Or perhaps you're thinner
Or one who loves his dinner
Listen to what I say
cause every-buh buh buh buh
buh buh body looks the same on
the inside
And it puh puh puh puh puh puh
puh puh pays:
to wear a smile

(Viðlag)

HEY

(Viðlag)

Lala lalalala (x7)

(Viðlag)




**Titill: No Prejudice**
**Flytjandi: Pollapönk**
**Lag/texti: Heiðar Örn Kristjánsson/Heiðar Örn Kristjánsson, Haraldur Freyr GÍslason, John Grant**

Sumir vilja meina að epíska diskósporið hafi gert út af við alla samkeppni sem Pollapönk átti mögulega í vændum í Söngvakeppni Sjónvarpsins nú í febrúar sl. Niðurstaðan er a.m.k. sú að Pollapönkarar verða fulltrúar Íslands í Köben í maí með lagið sitt Enga fordóma og boða þar boðskap Pollapönks um jafnrétti, bræðralag og umburðarlyndi sem er framsett í tónlistarstefnu sem flestir telja að höfði jafnt til barna og fullorðinna. Pollapönk var stofnað af Heiðari og Haraldi Frey árið 2006, Arnar trommari og bróðir Halla og Guðni bassaleikari bættust svo í hópinn 2007. Flestir muna eftir Eurovísu Botnleðju árið 2003 sem hafnaði í öðru sæti þegar Birgitta varð fulltrúi okkar en nú eru Íslendingar tilbúnir að senda frækinn flokk leikskólakennara, alþingismann og þungarokkara. Áfram Ísland!

*-Ég held að Pollapönk sé að fara að vinna þetta!*
*(Brynhildur Eva)*

*-A bit noisy for my liking but a colorful song in all possible meanings with a nice message of tolerance behind it. All the best Dear Iceland.*
*(Bastien Venturi)*

## Same Heart

You fill me up
With poisoned love
You fill my soul
With sins, but I have learnt to grow

And now, too many lies
Too many cries
They are as long as the infinity
I'm, starting to rise
Don't need to be criticised
I'm, not an animal in captivity

I'm, skinning you out
No longer a part
We don't beat from the same heart

Ata shotek,
Ani shvuya
Metoch milim
Notzra dmama.

Zman, lakum bli hashash
Levhor mehadash
Ve-hashemesh titgale elay.

Dam, boer lo nirdam,
Hakoach be kam.
Hahofesh kvar kore li lesham.

Metoch hadmama,
el avir lenshima,
Lo achsir od peima
zman lkum velivhor,
shamaim ve or.
Lo achsir od peima

And it's time for me
to clean up your mess
I will take it without any regrets
And it's time for me
to open my eyes
And to recognise
We don't beat from the same heart

(Viðlag x2)



# Ísrael

**Titill: Same Heart**
**Flytjandi: Mei Finegold**
**Lag/texti: Rami Talmid**

Samkvæmt foreldrum Mei Finegold, sem flytur lag Ísraelsmanna í ár, var hún farin að flauta melódíur í maganum áður en hún fæddist. Hún vakti mikla athygli með avant garde-rödd sinni árið 2009 þegar hún lenti í 3. sæti í þættinum "A star is Born". Hún gaf í kjölfarið út sína fyrstu plötu sína Soda Pop þar sem hún samdi sjálf lög og texta. Hún hefur verið í sviðsljósinu síðan, meðal annars fyrir að vera söngkona rokkbandsins Limozina og hún hefur einnig hlotið verðlaun fyrir leik í söngleikjum. Mei hefur mikið unnið að mannréttindamálum. Hún hefur lagt baráttunni gegn ofbeldi lið í heimalandinu og deildi með þjóðinni þeirri hræðilegu lífsreynslu að hafa upplifað nauðgun og þar með vill hún freista þess að hjálpa öðrum til að opna sig sem hafa sömu sögu að segja.

*-After several years of crap, Israel finally delivers a great song and a powerful singer. Perhaps making it to the final after 4 years?*
*(Dekel Ben Avi)*

*-Þetta elska ég mest á eftir Svíþjóð og Ungverjalandi!*
*(Ránar)*

## La Mia Citta

Odio andare di fretta,
i rumori, la nebbia, il tempo
appeso di questa città
Odio le scarpe col tacco, che
incastro distratta nei tombini
invadenti di questa città
Odio me stessa allo specchio non
per il difetto,
ma per stupidità
Amo restare in giro
sapendo di tornare sempre
in questa città

E dimmi se c'è un senso al tempo,
al mio vagare inutile,
e dimmi se c'è davvero una meta o
dovrò correre per la felicità
E corro corro avanti e torno indietro
scappo, voglio, prendo e tremo
stringo forte il tuo respiro e penso a
me che non ho un freno spingo
forte e non ti temo
voglio tutto
voglio te…voglio te, voglio te

Amo il traffico in centro,
parcheggiare distratta,
il tuo sorriso,
la mia instabilità
Amo fare l'offesa
senza neanche una scusa
fare pace la sera,
spegni la città
E amo me stessa per questo
per egocentrismo,
senza razionalità
Amo prenderti in giro
sapendo di tornare sempre,
nella mia città

(Viðlag)

E dimmi se lo vuoi
E dimmi che non sei
Soltanto un riflesso confuso
che guardo sul fondo di noi

(Viðlag)




**Titill: La Mia Citta**
**Flytjandi: Emma**
**Lag/texti: Emma Marrone**

